

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1354****2030/EES/49/24****frá 20. júlí 2017****um hvernig eigi að leggja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB ⁽¹⁾, einkum 10. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 45. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB er kveðið á um að ef um er að ræða notkunartakmarkanir eða leyfiskröfur varðandi notkun, skulu upplýsingarnar, sem eru á umbúðunum, gera kleift að auðkenna aðildarríkin eða landsvæðið innan aðildarríkisins þar sem notkunartakmarkanir eða leyfiskröfur varðandi notkun eru fyrir hendi, og að slíkar upplýsingar séu hluti af leiðbeiningunum sem fylgja þráðlausu fjarskiptabúnaðinum.
- 2) Samkvæmt 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem tilgreint er hvernig eigi að leggja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr.
- 3) Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM), sem komið var á fót í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er tilgreint hvernig eigi að leggja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB og gilda aðeins um þráðlausan fjarskiptabúnað sem er háður notkunartakmörkunum eða leyfiskröfum varðandi notkun í a.m.k. einu aðildarríki.

2. gr.

1. Ef þráðlaus fjarskiptabúnaður er háður notkunartakmörkunum eða leyfiskröfum varðandi notkun, eins og kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, skal eftirfarandi koma fram á umbúðum þráðlausu fjarskiptabúnaðarins á skýran og læsilegan hátt:

- a) skýringarmynd, eins og sett er fram í I. viðauka, eða
- b) orðin „Takmarkanir eða kröfur í“, á tungumáli sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður og er auðskiljanlegt endanlegum notendum, þar sem á eftir koma skammstafanir aðildarríkjanna, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka, ef slíkar takmarkanir eða kröfur eru fyrir hendi.

2. Ef þráðlaus fjarskiptabúnaðurinn er háður notkunartakmörkunum eða leyfiskröfum varðandi notkun, eins og kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, skal skráin yfir þau aðildarríki og landsvæði innan aðildarríkjanna þar sem slíkar takmarkanir eða kröfur gilda, sem og tegundir takmarkanna eða krafanna, sem gilda í hverju aðildarríki og á hverju landsvæði innan aðildarríkjanna, koma fram í leiðbeiningunum, sem fylgja þráðlausu fjarskiptabúnaðinum, á tungumáli sem er auðskiljanlegt endanlegum notendum eins og hlutaðeigandi aðildarríki ákveður það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gildir frá og með 9. ágúst 2018.

Þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem kemur á markað eftir 8. ágúst 2017 og samrýmist þessari reglugerð, telst vera í samræmi við 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI


Skýringarmynd

1. Skýringarmyndin skal vera í formi töflu.
2. Á skýringarmyndinni skal vera eftirfarandi tákn:



3. Á skýringarmyndinni skal einnig tilgreina, fyrir neðan táknið eða við hlið táknsins, sem um getur í 2. lið, skammstafanir fyrir aðildarríkin, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka, ef einhverjar notkunartakmarkanir eða leyfiskröfur varðandi notkun eru fyrir hendi.
4. Svo framarlega sem skýringarmyndin og innihald hennar eru sýnileg og læsileg má útfærsla þeirra vera mismunandi (t.d. mismunandi litir, feitletur eða útlínuletur, mismunandi þykkt lína).
5. Dæmi um skýringarmynd:



ES	LU	RO	
CZ	FR	HU	
SI	DK	HR	
	BG	EE	BE

*II. VIÐAUKI***Skammstafanir**

Skammstafanirnar fyrir aðildarríkin eru sem hér segir:

Belgía (BE), Búlgaría (BG), Tékkland (CZ), Danmörk (DK), Þýskaland (DE), Eistland (EE), Írland (IE), Grikkland (EL), Spánn (ES), Frakkland (FR), Króatía (HR), Ítalía (IT), Kýpur (CY), Lettland (LV), Litáen (LT), Lúxemborg (LU), Ungverjaland (HU), Malta (MT), Holland (NL), Austurríki (AT), Pólland (PL), Portúgal (PT), Rúmenía (RO), Slóvenía (SI), Slóvakía (SK), Finnland (FI), Svíþjóð (SE) og Bretland (UK).
